

## Skólaráð - fundur 30. september 2024

Mætt:

Elín Auðbjörg Pétursdóttir, fulltrúi foreldrafélags,

Erpur Kári Sigurðsson, fulltrúi nemendaráðs,

Gerhard Plaggenborg, fulltrúi starfsfólks.

Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir, fulltrúi foreldra,

Sigurbjörg Eiðsdóttir, fulltrúi skólastjórnar,

Sigurður Grétar Sigmarsson, fulltrúi foreldra

Snorri Traustason, fulltrúi skólastjórnar,

Vigdís Gígja Ingimundardóttir, fulltrúi kennara,

**Á dagskrá var að samþykkja starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2024-25 og var síðan opnað fyrir önnur mál.**

Starfsáætlun var samþykkt eins og hún liggur fyrir.

### Önnur mál.

Þróunarhópar kennara í skólanum vinna að því að yfirfara og styrkja ferla skólans og nám tví-/margtýngdra nemenda. Mælst er til þess að niðurstöður vinnunnar séu kynntar foreldrum í byrjun janúar.

Sú hugmynd kom upp að gera regluleg fréttabréf til foreldra á tölvupósti.

Ánægja meðal foreldra með skapandi skólanám eftir drekaleiksvikuna og ósk um að gera meira tengt útinámi og vera meira í útikennslu á lóðinni. Skólinn hefur bætt við þemadögum á vorin sem nefnast skógardagar og eru inni á skóladagatali í byrjun júní.

Rætt um að verktakar nýrrar byggingar við hlið skólans þurfi að passa upp á öryggið á vinnusvæðinu og það þurfi öryggistengilið. Sú hugmynd kom upp að foreldrafélag gæti tekið að sér að manna reglulega öryggisrúnta umhverfis framkvæmdasvæðið og sett þannig pressu á að verktakar passi upp á að hafa hlutina í lagi og sendi inn ábendingar á borgina ef svo er ekki. Skólinn sendir bréf til borgaryfirvalda og framkvæmdaraðila þar sem krafist er upplýsinga um þessi ferli og hvernig staðið verði að þessu.

Ákveðið að prófa að fara þá leið að hafa opið skjal fyrir vinnudag foreldra á næstu vikum þar sem verkefni koma fram og fólk geti skráð sig á mismunandi daga í stað þess að hafa einn fastan dag. Stjórn foreldrafélagsins fær verkefnalista og sér um að senda út á foreldra.

Hugleiðingar um hver sé ábyrgur fyrir skipulagsformi jólabasarsins. Talað um að það væri góð hugmynd að stofna basarráð sem myndi tengjast bekkjarfulltrúum hvers bekkjar. Það verður sett í framkvæmd. Ábending um að auglýsa fyrir fram fyrir hverju skólinn sé að safna þannig að það séu skýr markmið sem foreldrar stefna að með þátttöku sinni.

Hugleiðingar um að skólinn sé leiðandi í því að vinna að sameiginlegu átaki sem allt samfélagið er einnig um þessar mundir að vinna í, gegn ofbeldi og aukinni notkun skjámiðla/samfélagsmiðla og finna leiðir til þess að styðja skólasamfélagið í því sambandi. Rætt um að foreldrafélagið gæti haft samtalskvöld og/eða fengið fyrirlesara á fræðslukvöld. Félagið mun innheimta félagsgjöld .